

Heilsueflandi skóli—Lífleikniþema

Lífleikniþema haustsins er **nær-samfélag/nærumhverfi**.

Markmið þemans er fyrst og fremst að gera nemendur meðvitaðari um hvað nær-samfélag og nærumhverfi er og hvaða hlutverki þeir, skólinn þeirra og heimilin gegna í því samhengi. Sameiginleg verkefni verða nokkur á tímabilinu og nú þegar hafa nemendur fengið að kynna Grændarskóginum betur með því að fást við krefjandi og skemmtileg verkefni og hafa tekið þátt í að prýða hann og bæta aðgengi. Í nóvember verður kynning allra árganga á vinnu þemans.



FUÁ - félag ungmenna í Ártúnsskóla



Stjórn nemendafélagsins FUÁ hefur haldið fyrsta fund skólaársins og skipt með sér verkum. Nemendur ákváðu að gefa sem flestum tækifæri og því mun verða verkaskipting hjá stjórninni um áramót.

Leikskólinn

Fagstarfið í leikskóla-deild Ártúnsskóla er nú farið af stað. Á eldri deildum er verið að innleiða könnunaraðferðina og á yngri deild er unnið með könnunarleikinn og myndlist, ásamt læsi og kubbaleik. Í könnunaraðferðinni er unnið út frá áhugasviði barnanna í þematengdu hópstarfi.



VETRARLEYFI

Dagana **18., 21. og 22. október** verður vetrarleyfi í grunnskólanum.

Þessa daga liggur **ÖLL** starfsemi grunnskólans niðri, þar með talin starfsemi Skólasels. Opið er í leikskólanum í vetrarleyfinu.

Munið heimasíðu skólans: www.artunsskoli.is

ÁRTÚNSSKÓLI

LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI

Skólaskilaboð



ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Í skólabyrjun

Velkomin til samstarfs á nýju skólaári. Allar deildir skólans eru vel mannaðar og ekkert því til fyrirstöðu að í vændum sé árangursríkt og skemmtilegt skólaár. Í leikskóla dvelja 66 börn og í grunnskóla eru 158 nemendur, kærkomin fjölgun frá fyrri árum. Kynningarfundir hafa verið haldnir í öllum bekkjardeildum grunnskólans og verða á dagskrá leikskólans í byrjun október. Með von um gott og gefandi skólaár.

Rannveig Andrésdóttir skólastjóri

Foreldrafélag Ártúnsskóla

Foreldrafélagið hefur nú þegar staðið fyrir tveimur uppákomum í haust. Byrjað var á því að fara í fjallgöngu þann 29. ágúst og gengið var á Skálafell. Það var ágætis mæting og öflugur hópur sem komst á toppinn. Ártúnshlaup foreldrafélagsins fór svo fram 14. september. Að venju var hlaupið frá skólanum og kringum Árbæjar-safnið. Verðlaunin, heimabakað góðgæti var í boði nemenda í 7. KG en allur aðgangseyrir rann í söfnunarsjóð þeirra fyrir ferð í skólabúðir. Góð mæting var í hlaupið og gleði og ánægja skein úr andlitum keppenda að loknu hlaupi.



Umhverfisdagur í Grenndarskógi

Umhverfisdagur Reykjavíkur var tileinkaður vinnu í grenndarskógi í þetta sinn. Dagurinn heppnaðist með eindæmum vel. Allir nemendur grunnskólans tóku þátt og létu ekki rýsjótt veður hafa áhrif á gleðina sem fylgir útiveru og að fást við ný og krefjandi verkefni. Grenndarskóginn prýða nú nýir bekkir, áttaviti til leiðbeiningar í ratleikjum og rathlaupum og búið er að setja kurl í stígana.



Íþróttadagur

Íþróttadagur var haldinn í grunnskólanum í byrjun september. Nemendur unnu saman í aldursblönduðum hópum og fóru á níu mismunandi stöðvar. Stöðvarnar voru afar fjölbreyttar, þar var m.a. að finna ostapinnagerð, knattspyrnu, körfubolta og þjálfun í hjólafærni.



Brunaæfing

Árleg brunæfing var haldin þann 18. september í öllum deildum skólans. Allir voru vel undirbúnir og aðeins örfáar mínútur tók að rýma byggingarnar.



Fjölbreytt starf í Skólaseli

Skólasel hefur farið vel af stað þetta haustið og börnunum hefur fjölgað talsvert frá síðustu árum. Þessar fyrstu vikur hafa börnin verið mikið úti og í frjálsum leik en formlegt vetrarstarf hefst síðan 1. október. Þá byrja svokallaðar smiðjur sem verða breytilegar eftir mánuðum. Sem dæmi má nefna listasmiðju, kubbasmíðju, spilasmíðju, leiklist, íþróttir og margt fleira. Allir ættu því að finna eitthvað við sitt hæfi. Smiðjurnar verða alla daga nema þriðjudaga og munu börnin hafa mikil áhrif á hvað er í boði hverju sinni. Dagskrá mánaðarins verður send út fyrir 1. október. Starfsfólk í Skólaseli leggur mikla áherslu á að börnunum líði vel og hver og einn fái að njóta sín í öruggu og skapandi umhverfi.



ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN